

Kirkjubæjar klaustri, sem fyrir nokkru hefir kynnt sér kennslu-aðferðina í hinum konunglega ómálaskóla hér í borginni.

1871.

31. júlí.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vestur- umdæminu, um lestagjald og afgreiðslugjald af skipi.

7. ágúst.

Eftir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður, dagsett 6. maím. þ. á., um bænarskrá nokkra, þar sem Schmidt í Arósi á Jótlandi sækir um, að sér verði borgað aptur lestagjöld og afgreiðslugjöld, sem hann hafi greiðt af fiskiskipi sínu til bæjarfógetans í Ísafjardarkaupstað, höfum vér sent fjárhagsstjórninni bænarskrána til úrskurðar, að því leyti, er snertir lestagjöldin, sem hafa runnið í ríkissjóðinn, og hefir tæð stjórnarráð síðan, í bræfi 1. þ. m., tilkynnt dómsmálastjórninni, að borga megi sækjandanum aptur lestagjaldið, sem var 33 rd.

Þaræð fjárhagsstjórnin þannig álitur, að tæð skip aðeins hafi verið haft til fiskiveiða, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt Aukatekju-reglugjörð rættarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830, 62. gr.¹ gefið tæðum kaupmanni Schmidt upp 66 sk. af afgreiðslugjaldinu, sem var 2 rd. 72 sk., og mælumst vér því til, að þér, herra amtmaður, bjóðið bæjarfógetanum í Ísafjardarkaupstað að borga aptur tæða 66 sk. og greiða þá í jarðabókarsjóðinn.²

¹) Lovsamling for Island, IX., 549.

²) Dómsmálastjórnin hafði mælt til við fjárhagsstjórnina, að hún lèti borga Schmidt kaupmanni þessa 66 sk. á gjaldstofunni í Árósi fyrir hönd jarðabókarsjóðsins.